



Cetol Filter 7 plus

Hálfþekjandi viðarolía

Efnislýsing

Cetol Filter 7 plus er hálfþekjandi og háfyllandi terpentínupynnaleg alkýðolía, ætluð til notkunar á við utanhúss. Efnid er þykkfljótandi með innbyggðri UV-sólarvörn sem viðheldur teygjanleika efnisins og tryggir góða endingu. Viðarvörn haldast áfram vel sýnilegar. Cetol Filter 7 plus er veðurþolið því það myndar órfína gegndræpa filmu sem virkar þannig að yfirborðið dregur ekki í sig viðbótaraka utan frá á meðan raki kemst í gegn innan frá (e. microporous). Yfirborðið er því vatnsfráhrindandi og óhreinindi festast ekki á fletinum. Þetta þýðir framúrskarandi viðarvörn sem hindrar myglu- og þörungavöxt, flögnun og sprungu-myndun. Cetol Filter 7 plus er mjög auðvelt í notkun og einfalt að viðhalda viðnum með efninu.

Cetol Filter 7 plus viðarolían er notuð sem lokaumferð á tréverk úr nýjum við, hvort sem viðurinn er mjúkur (s.s. greni og fura) eða harðviður (s.s. tekk, sedrus og maghóni).

Meðhöndlun

Undirlag skal vera hreint og þurr (mest 16% raki í viði). Ætíð skal bera á viðinn endilangt og forðast þannig að búa til færsluskil, þ.e. aukalitstyrk á miðju borði. Þetta á bæði við um nýmálun og endurmálun. Þegar þeim litstyrk sem óskað er eftir er náð skal nota ljósari lit næst (jafnvel glæran) við endurmálun til að viðhalda upprunalegum litstyrk.

Nýmálun viðar:

1. Hrærið vel í dósinni. Grunnið 1 umferð af Cetol HLS plus.
2. Berið 2 umferðir af Cetol Filter 7 plus á viðinn. Besti árangur næst þegar skammur tími er látinn líða milli umferða. Þessi tími ætti ekki að fara yfir 1 mánuð.

Endurmálun viðar:

1. Þrífið með Nordsjö Málartvätt og mattið yfir með fínum sandpappír.
2. Berið 1 umferð af Cetol Filter 7 plus á vel þurran flötinn. Einnig er má nota efnid yfir aðra tegund af heilli hálfþekjandi filmu.
3. Ef filma er ekki heil og grámi og fúi er til staðar skal þússa flötinn niður í beran við og/eða þvo með víðeigandi harðviðarhreinsi. Farið síðan eftir leiðbeiningum um nýmálun.

Heilsufars- og umhverfismál

Lokið fótunni vandlega. Þrífið verkfæri strax eftir notkun. Hellið ekki málningar- og hreinsiefnaleifum í niðurföll. Skilið efnaleifum og tónum umbúðum til endurvinnslustöðva.

Tæknilegar upplýsingar

Til notkunar: Utanhúss

Tegund: Alkýðolía

Gljástig: Hálfgljástig, um 35-45 GU/60°

Hiti við málun: 5-35°C

Þekja: Þurrfilmuþykkt 18 míkron er um 16 m²/l. Þekja fer mikið eftir viðartegund, ástandi yfirborðsins, vinnsluaðferð og aðstæðum við málun

Þurrefni: Um 59% af vigt og um 53% af rúmmáli

Þéttleiki: 0,93 kg/dm³

Ráðlögð þykkt: Þurrt: Um 18 míkron hver umferð. Blautt: Um 55 míkron. Cetol Filter plus kerfi á að hafa minnst um 35-40 míkrona þurrfilmuþykkt

Þornun við 20°C/65% RH: Rykfrítt: Um 3 klst. Yfirmálun: Um 16 klst

Ending að endurmálun: Um 5-8 ár á þriggja umferða kerfi. Ljósari litir í hálfþekjandi viðarvörn endast almennt aðeins skemur utanhúss. Þess vegna eru litir með minna litarefni í Cetol Filter 7 plus byggðir á TU-stofni, styrktum með UV-sólarvörn og HALS. Þannig næst um það bil sambærileg ending í ljósu litunum og í öðrum hálfþekjandi litum af Cetol Filter 7 plus. Ending fer þó mikið eftir staðsetningu, gæðum viðarins, hönnun, vinnsluaðferðum o.fl.

Þynning: Þynnið ekki

Verkfæri: Penslar

Hreinsun: Terpentína

Litir: Glært og allir litir í litakerfi Cetol Design Endanlegur litur eða litatönn fer mikið eftir tegund viðar og lit á viðarvörn sem fyrir er

Umbúðir: 1 og 2,5 lítra dósir

Geymsluþol: Minnst 12 mánuðir í upprunalegum og óopnuðum ílátum

Geymsla: Í þurru rými við 5-30°C

Rokgjörn lífræn efni (VOC): (fl. A/e) mest 500g/l (2007), mest 400 g/l (2010). Cetol Filter 7 plus inniheldur mest 377 g/l